

## 29. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 05.07 2016, kl. 13.30

---

Mætir voru Anna Jóna Árnarsdóttir, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Þorvarður Ingimarsson, einnig er Gunnar Gunnarsson 1. varamaður, mættur í stað Eiríks Kjerúlf sem boðað hefur forföll vegna heyanna.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

### Dagskrá:

1. Skýrsla oddvita
2. Álagning fasteignaskatta á vatnsréttindi Kárahnjúkavirkjunar
3. Hallormsstaðaskóli
4. Deiliskipulag frístundabyggðar Víðivöllum ytri 1
5. Deiliskipulag Geldingafell
6. Hönnunarkeppni Hengifossvæði
7. Samþykkt um byggingarleyfisgjald, afgreiðslu-og þjónustugjöld byggingarfulltrúa, framkvæmdaleyfisgjald og gjöld vegna skipulagsbreytinga.
8. Ósk um stofnun þjóðlendu

Bréf forsætisráðuneytis dags. 22.06 2016 og 30.06

9. Aðalfundur SSA 2016, tilnefning fulltrúa
10. Föst búseta á jörðum í Fljótsdal

Bréf Árna Jóns Þórðarsonar dags. 19.06 2016

### 11. Bréf

- a) Skipulagsstofnun dags. 20.06
- b) Umhverfis-og auðlindaráðuneytið dags. 10.06
- c) EBÍ Brunabót dags. 08.06
- d) Minjavörður Austurlands, tölvupóstur dags. 03.06
- e) Ferðamálastjóri dags. 23.06

### 12. Fjárbeiðnir

Griffla bókaforlag

### 13. Fundargerðir

Aðalfundur Skógarorku ehf 06.06 2016

## 14. Kosning oddvita og varaoddvita til eins árs

## 15. Önnur mál.

### 1. Skýrsla oddvita.

Oddviti var í sumarfríi 27.06-04.07 og annaðist Lárus varaoddviti afleysingu.

Lögfræðisvið Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur tekið saman minnisblað um ábyrgð sveitarfélaga á verkefnum landshlutasamtaka. Þá hefur sambandið einnig tekið saman minnisblað um viðmiðunarlaunatöflu fyrir fulltrúa í sveitarstjórnunum. Skv. því sem þar kemur fram eru greiðslur til sveitarstjórnar Fljótaldalshrepps sambærilegar við það sem best gerist í þeim efnunum. Sambandið hefur svo uppfært leiðbeiningar um álagningu fasteigna sem nýttar eru til ferðapjónustu, með hliðsjón af nýjum lögum um veitinga- og gististaði.

Staðfest hefur verið að Snæfellsstofa, gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs á Skriðuklaustri, sé vottuð bygging skv. BREEM stöðlum og er fyrsta bygging á Íslandi sem hlotið hefur slíka gæðavottun.

Skv. bréfi Innanríkisráðuneytinu verða greiðslur til sveitarfélaga vegna forsetakosning 25. Júní sl. þannig að fyrir hvern kjörstað er greiddar kr. 430.000,- og 580,-kr. per íbúa.

Þjóðskrá Íslands hefur gefið út fasteignamat fyrir árið 2017. Fasteignamat í Fljótaldalshreppi hækkar um 3,7 % og landmat um 5,0 %.

Í leysingum í vor rann Laugará yfir veg að Laugarfellsskála og olli nokkrum skemmdum á veginum. Gert var við til bráðabirgða og ráðgert að fullnaðarviðgerð fari fram fljótlega og þá jafnframt hefлаður vegurinn niður að skála. Neysluvatn hefur verið tengt í starfsmannahús og gert við dælu sem dælir vatni út í stóru laugina, en vandræði hafa verið með rafmagn á dæluna. Það er verið að skoða lausnir til að halda stöðugu hitastigi í stóru lauginni, án þess að það þurfi að leiða vatn í slöngu innan úr skála. Fullnaðarfrágangi á tengingu rafmagns fyrir starfsmannahúsið á að vera lokið.

Landsvirkjun hefur sent Fljótaldalshreppi skýrsluna LV-2016-074 Vatna-og sundfuglar á Jökulsá á Dal og endur á Lagarfljóti og vötnum á Fljótaldalsheiði árið 2015

2. **Álagning fasteignaskatta á vatnsréttindi Kárahnjúkavirkjunar.** Álagning Fljótaldalshrepps og Fljótaldalshéraðs á vatnsréttindi Kárahnjúkavirkjunar er í kærufarli fyrir Yfirfasteignamatsnefnd. Farið yfir málið og kynnt gögn og umsagnir.
3. **Hallormsstaðaskóli.** Varðar kvörtun kaupanda að mannvirkjunum um meintan galla.
4. **Deiliskipulag frístundabyggðar Víðivöllum ytri 1.** Deiliskipulagstillagan var auglýst skv. 1.mgr. 41 gr. Skipulagslaga nr. 123/2010, frá 29.04 216 til 16.06 2016, athugasemdafrestur var til og með 16.06 2016. Tvær athugasemdir bárust, frá Héraðs –og Austurlandsskógum dags. 24.05 2016, þar sem bent er á að deiliskipulagt svæði nái að hluta inn á samningsbundið nytjaskógræktarsvæði og frá landeigendum á lóðum 4 og 5 dags. 13.06 2016, sem gera athugasemdir við vegstæði.

Verið er að afla gagna varðandi fram komnar athugasemdir og afgreiðslu frestað til næsta fundar sveitarstjórnar.

- 5. Deiliskipulag Geldingafell.** Að beiðni Vatnajökulsþjóðgarðs og í samræmi við 40. grein skipulagslaga 123/2010 hefur auglýsti sveitarstjórn skipulagslýsingu fyrir svæði við Geldingafell á síðasta ári. Nokkrar ábendingar/athugasemdir bárust og var þeim vísað til meðferðar í vinnslu deiliskipulagstillögu. Mannvit verkfræðistofa hefur nú unnið tillögu að deiliskipulagi fyrir umrætt svæði og er tillagan dags. 01.07 2016.

Deiliskipulagstillögunni er vísað til umfjöllunar hjá Byggingar-og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps .

- 6. Hönnunarkeppni Hengifossvæði.** Fyrir liggja drög að samkeppnislýsingu um hönnunarsamkeppni um aðstöðu fyrir ferðamenn við Hengifossá, sem Þórhallur Pálsson arkitekt hefur unnið fyrir Fljótsdalshrepp. Samkeppnin mun taka til hönnunarsamkeppni um aðstöðubyggingu fyrir ferðamenn, nánasta umhverfi aðstöðubyggingarinnar, ásamt lausnum á hvílda- og útsýnisstöðum, hliðum og merkingum. Samkeppnin verður unnin í samstarfi við Arkitektafélag Íslands sem tilnefnir 1 aðila í dómnefnd og trúnaðarmann. Tilnefningar liggja fyrir. Í dómnefnd munu sitja Björn Guðbrandsson arkitekt tilnefndur af AÍ og tveir fulltrúar Fljótsdalshrepps, Þórhallur Pálsson arkitekt og Steingrímur Karlsson. Ritari dómnefndar verður Skúli Björn Gunnarsson. Trúnaðarmaður verður Helga Guðjónsdóttir, starfsmaður AÍ. Verðlaunafé verður allt að kr. 2 milljónir. Gert er ráð fyrir að samkeppnin verði auglýst í ágústmánuði og skilafrestur tillagna í nóvember, dómnefnd ljúki störfum fyrri hluta desembermánaðar. Sveitarstjórn samþykkir samkeppnislýsinguna og felur oddvita að rita undir samstarfssamning við Arkitektafélag Íslands. Kostnaði við samkeppnina, umfram samþykka fjárhagsáætlun, verður mætt með lækkun á eigin fé.

- 7. Samþykkt um byggingarleyfisgjald, afgreiðslu-og þjónustugjöld byggingarfulltrúa, framkvæmdaleyfisgjald og gjöld vegna skipulagsbreytinga.** Drögin yfirfarin og oddvita falið að fullvinna þau í samráði við byggingarfulltrúa, í framhaldi verði drögunum vísað svo til umfjöllunar skipulags- og byggingarnefndar.

#### **8. Ósk um stofnun þjóðlendu**

Bréf forsætisráðuneytis dags. 22.06 2016 og 30.06. Varðar stofnun þjóðlendu Vesturöræfi ásamt syðri hluta afréttarlandanna Rana og Undir Fellum. Meðfylgjandi er kort dags 29.06.2016 er sýnir afmörkun þjóðlendunnar. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að þjóðlendan verði stofnuð í þjóðskrá.

- 9. Aðalfundur SSA 2016, tilnefning fulltrúa.** Samþykkt að tilnefna oddvita sem aðalman og varaoddvita til vara.

*Gunnar Gunnarsson yfirgaf fund kl 16.15. og mætt eru Árni Jón Þórðarson og Sigurlaug Þorsteinsdóttir, til umræðna undir næsta lið.*

#### **10. Föst búseta á jörðum í Fljótsdal.**

Bréf Árna Jóns Þórðarsonar dags. 19.06 2016. Sigurlaug og Árni kynntu viðhorf sín til auglýsingar jarðarinnar Valþjófsstaðar 1 og átelja að ekki standi til að leigja jörðina skv. ábúðarlögum og ekki sé skilyrt að þar verði föst búseta. Umsóknarfrestur um leigu jarðarinnar rann út í gær. Hvöttu þau sveitarstjórn til að beita sér í málinu.

Sigurlaug og Árni Jón yfirgáfu fundinn kl. 17.

*Eftirfarandi bókun samþykkt og oddvita falið að koma henni á framfæri við fasteignasvið Þjóðkirkjunnar.*

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps telur mjög mikilvægan þátt í samfélaginu að jarðir sem búskaparhæfar eru, séu setnar og með fasta búsetu. Sveitarstjórn skorar á Kirkjumálasjóð , að þegar valið verður milli umsækjenda kirkjujarðarinnar Valþjófsstaðar 1, verði tryggð lögheimilisfesta og föst búseta á jörðinni.

Sveitarstjórn átelur meðferð jarðarinnar síðan prestssetrið var lagt niður, og telur að Kirkjumálasjóður og Íslenska Þjóðkirkjan hafi að nokkru brugðist samfélagsskyldu sinni t.d. með því að taka greiðslumark og hlunnindi af jörðinni og auglýsa nú jörðina án skilyrða um fasta búsetu.

Einnig skorar sveitarstjórn á aðra eigendur og umráðamenn jarða í sveitinni sem ekki eru setnar , að auglýsa þær til leigu eða tryggja á annan hátt að þar búi fólk með fasta búsetu og lögheimilisskráningu.

## **11. Bréf**

- a) Skipulagsstofnun dags. 20.06. Varðar Landsskipulagsstefnu og óskað er eftir tengilið í samráðsvettvang. Oddviti tilnefndur.
- b) Umhverfis-og auðlindaráðuneytið dags. 10.06. Varðar tilnefningu Vatnajökulþjóðgarðs og hluta gosbeltisins í heimsmínjaskrá UNESCO. Spurt er um viðhorf sveitarfélagsins til tilnefningarinnar. Viðhorfið er jákvætt, en óljóst nú hvað tilnefning hefur í för með sér.
- c) EBÍ Brunabót dags. 08.06. Tilkynning um styrk að upphæð kr. 300.000- úr styrkatsjóði EBÍ til lagfæringar á göngustíg upp að Hengifossi.
- d) Minjavörður Austurlands, tölvupóstur dags. 03.06. Nýr minjavörður Þuríður Elísa Harðardóttir hefur tekið til starfa.
- e) Ferðamálastjóri dags. 23.06. Ósk um telnefningu aðila til að vinna verkefni með Ferðamálastofu. Sveitarstjórn samþykkir að tilnefna Skúla Björn Gunnarsson.

## **12. Fjárbeiðnir**

Griffila bókaforlag. Sótt er um styrk vegna rafrænnar útgáfu á Íslendingasögunum. Hafnað.

## **13. Fundargerðir.**

Aðalfundur Skógarorku ehf 06.06 2016. Kynnt.

**14. Kosning oddvita og varaoddvita til eins árs.** Kosningu frestað til næsta fundar, þar sem sveitarstjórn er ekki fullskipuð.

**15. Önnur mál.**

- a) Rætt um þörf á að saga trjágróður frá fjárgötum á Þorgerðarstaðadal, frá Sveinsseli og inn fyrir Stöppuklif.
- b) Vegagerðin er búin að mæla fyrir nýju vegstæði við vegamót Fljótsdalsstöðvar og Norðurdals.
- c) Samþykkt að skoðað verði að sækja um styrk í húsafriðunarsjóð til að undirbúa tillögu að verndarsvæði í byggð, þar sem horft verði til gamalla útihúsa á Langhúsum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18.15

Þorvarður ritaði fundargerð í tölvu

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Anna Jóna Ármarsdóttir (sign)